

Fundargerð 97. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 25. júní 2015, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Fjóla Hrund Björnsdóttir,

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkvæmdastjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sigrún Árnadóttir boðaði forföll.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Háskólavellir - Íbúðalánasjóður*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn samkomulag milli Íbúðalánasjóðs og ÞK um skilyrta afléttingu veðsetningar forgangshlutfjár ÞK í Háskólagörðum ehf.

Stjórn ákvað að fresta málinu til næsta stjórnarfundar.

3. *Skipulagsmál*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn endurskoðun á skipulagsmálum Ásbrúar innan skipulagssvæðis Reykjanesbæjar og vinnu við tillögur að breytingum á aðalskipulagi.

4. *Vatnsgjöld*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um stöðu vatnsmála á Ásbrú í tengslum við HS veitur. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

5. *Staða sölu- og leigumála*

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu sölu- og leigumála hjá ÞK. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málin áfram.

6. *Verne lóðaleigusamningur.*

Stjórn var kynnt smávægilegar breytingar á samningi um lóðarleigu milli ÞK og Verne, samningi sem áður hafði verið samþykktur af stjórn.

7. *Tilboð í Lindarbraut 635*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð með stjórn sem borist hefur í Lindarbraut 635.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

JKK
FHB

8. Önnur mál.

Engin mál voru rædd undir önnur mál.

Næsti fundur áætlaður þann 13.ágúst nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40



Fjola Hruud Björnsd.